

Hverfisráð Miðborgar

Ár 2015, fimmtudagurinn 19. nóvember var haldinn 121. fundur hverfisráðs Miðborgar. Fundurinn var haldinn á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Laugavegi 77 og hófst hann kl. 17.00. Viðstödd voru Svafar Helgason, Júlíus Vífill Ingvarsson, Sindri Snær Einarsson, Þórgnýr Thoroddsen og Áslaug María Friðriksdóttir. Einnig sátu fundinn Sigþrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir sem ritaði fundagerð.

Petta gerðist:

1. Þjóða fulltrúa Ungmennaráðs velkomin á fundinn og fara yfir hlutverk ráðsins Frestað.
2. Kynning á samantekt upplýsinga vegna fjárhagsaðstoðar og upplýsingar um þjónustu við börn hjá velferðasviðs í Miðborg og Hlíðum.

Arna Björk Birgisdóttir Deildarstjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða tók sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Íbúafundurinn. Ábending, dagsett 4. nóvember 2015, frá íbúa í hverfinu varðandi breytingar á strætóleiðum við Barónsstíg.

Umsögn hverfisráðs:

Hverfisráð Miðborgar telur ekki að þessi tillaga auki umferðaröryggi á Barónsstíg ein og sér. Barónsstígur er ekki örugg gata og í raun má ætla að með því að færa almenningssamgöngur nær börnunum sé verið að auka umferðaröryggi þeirra. Ef ætlunin væri að gera götuna sjálfa öruggari þyrfti endurhönnun götunnar að fara fram.

4. Veghúsastígur 9B
Frestað. Gögn ekki borist.
5. Barónstígur nr 3-11
Málið kynnt. Engar athugasemdir frá ráðinu.
6. Austurbakki 2
Málið kynnt. Engar athugasemdir frá ráðinu.
7. Umræður um gistiheimili og AIRBNB.
Umræðunni verður haldið áfram á næsta fundi.
8. Önnur mál.

Næsti fundur verður haldinn 17. des 2015.

Fundi slitið kl. 19:00

Svavar Helgason (sign)

Þórgnýr Thoroddsen (sign)
Áslaug María Friðriksdóttir (sign)

Júlíus Vífill Ingvarsson (sign)
Sindri Snær Einarsson (sign)